

7. Undirnefnd umhverfismála SSNE

Lagt fram erindi frá SSNE um skipan undirnefndar umhverfismála.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn fagnar skipan þessarar nefndar, enda eru umhverfismál eitt brýnasta verkefni stjórnvalda næstu árin. Því er nauðsynlegt að sveitarfélögin á Norðurlandi eystra hafi með sér samráð um mótun stefnu og aðgerða á þessu sviði eins og kostur er.

Sveitarstjórn hvetur stjórn SSNE að leita framvegis til sveitarfélaganna með tillögur að einstaklingum í nefndir og ráð á vegum samtakanna.

Samþykkt samhljóða.